

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2001/16/EB

2002/EES/53/14

frá 19. mars 2001

um rekstrarsamhæfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
156. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽³⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í
251. gr. sáttmálans ⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í því augnamiði að gera borgurum í Evrópu-sambandinu, atvinnurekendum og héraðs- og sveitarstjórnnum kleift að njóta til fulls ávinningsins af stofnun svæðis án innri landamæra er m.a. ráðlegt að bæta samtengingu og rekstrarsamhæfi lestarkerfa milli landanna sem og aðgang að þeim og gera allar ráðstafanir sem kunna að reynast nauðsynlegar á sviði tæknilegrar stöðlunar eins og kveðið er á um í 155. gr. sáttmálans.
- 2) Með undirritun Kýótóbókunarinnar frá 12. desember 1997 hefur Evrópusambandið skuldbundið sig til að draga úr losun lofttegunda. Þessi markmið krefjast þess að jafnvægið á milli mismunandi flutningsaðferða sé aðlagð og þar af leiðandi að samkeppnishæfni járnbrautarflutninga sé aukin.

3) Í áætlun ráðsins um að taka umhverfisþætti og sjálfbæra þróun inn í stefnumótun bandalagsins að því er varðar flutninga er lögð áhersla á þörfina á aðgerðum til að draga úr umhverfisáhrifum flutninga.

4) Við rekstur lesta í ábataskyni í öllu evrópska járnbrautakerfinu er einkum nauðsynlegt að eiginleikar grunnvirkja og járnbrautarvagna séu samhæfðir nákvæmlega og einnig að upplýsinga- og samskiptakerfi mismunandi stjórnenda og rekstraraðila grunnvirkisins séu samtengd á skilvirkan hátt. Afköst, öryggi, gæði þjónustu og kostnaður er háð þessu samhæfi og samtengingu og einnig, og ekki hvað síst, rekstrarsamhæfi samevrópska, almenna járnbrautakerfisins.

5) Til að ná þessum markmiðum gerði ráðið fyrstu ráðstöfun 23. júlí 1996 með því að samþykka tilskipun 96/48/EB um rekstrarsamhæfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins ⁽⁵⁾.

6) Í hvítbók sinni frá 1996, er nefnist „Áætlun um endurbyggingu járnbrauta í bandalaginu“, tilkynnti framkvæmdastjórnin um aðra ráðstöfun varðandi almenna járnbrautakerfið og gaf út fyrirmæli um athugun á samþættingu járnbrautakerfa einstakra landa og var niðurstaðan birt í maí 1998 með tilmælum um að samþykkt yrði tilskipun sem byggðist á aðferðinni sem notuð var í háhraðageiranum. Í þessari athugun var einnig mælt með því að í stað þess að leysa allar hindranir á rekstrarsamhæfi í einu skyldi leysa vandamálin smátt og smátt í forgangsroð sem byggðist á kostnaðar- og ábatahlutfalli hverrar ráðstöfunar sem fyrirhuguð væri. Í þessari könnun kom fram að samhæfing málsmeðferðar og reglna, sem eru notaðar, og samtenging upplýsinga og samskiptakerfa, væri árangursrikari en ráðstafanir, t.d. að því er varðar hleðslumál grunnvirkisins.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 110, 20.4.2001, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2002 frá 1. mars 2002 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 21, 25.4.2002, bls. 8.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 89 E, 28.3.2000, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 204, 18.7.2000, bls. 13.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 317, 6.11.2000, bls. 22.

⁽⁴⁾ Álit Evrópuþingsins frá 17. maí 2000 (Stjtið. EB C 59, 23.2.2001, bls. 106), sameiginleg afstaða ráðsins frá 10. nóvember 2000 (Stjtið. EB C 23, 24.1.2001, bls. 15) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 13. febrúar 2001.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 235, 17.9.1996, bls. 6.

- 7) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um samþættingu almennra járnbrautarkerfa er mælt með því að þessi tilskipun verði samþykkt og færð rök fyrir því sem er líkt og ólíkt með henni og tilskipun 96/48/EB. Aðalmunurinn er fölginn í aðlögun landfræðilegs gildissviðs, í rýmkun tæknilegs gildissviðs svo að tekið sé tillit til niðurstaðna áðurnefndrar athugunar og í því að samþykkja að hindranir á rekstrarsamhæfi járnbrautarkerfisins verði afnumdar í áföngum sem felur í sér að ákveða forgangsröð og tímátöflu fyrir þá aðgerð.
- 8) Með tilliti til þessarar áfangaaðferðar, og tímans sem hennar vegna tekur að samþykkja allar tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi, skulu aðildarríkin sneiða hjá því að samþykkja nýjar innlendar reglur eða takast á hendur verkefni sem gera núverandi kerfi enn sundurleitara.
- 9) Samþykkt áfangaaðferðar uppfyllir þær sérstöku þarfir sem liggja að baki markmiðinu um rekstrarsamhæfi almenna járnbrautakerfisins sem einkennist af gömlum innlendum grunnvirkjum og efni, sem krefst mikilla fjárfestinga að aðlaga eða endurnýja og sérstaklega skal gæta þess að járnbrautunum sé ekki íþyngt fjárhagslega borið saman við aðrar flutningsaðferðir.
- 10) Í ályktun sinni frá 10. mars 1999 um málefni járnbrauta fór Evrópuþingið þess á leit að jafnframt opnun járnbrautargeirans í áföngum yrðu gerðar fljótvirkustu og skilvirkustu ráðstafanir sem unnt væri varðandi tæknilega samhæfingu.
- 11) Á fundi ráðsins 6. október 1999 óskaði ráðið eftir því við framkvæmdastjórnina að hún legði fram áætlun um að bæta rekstrarsamhæfi járnbrautarflutninga og fækkaði flöskuhálsum í því skyni að útiloka án tafar tæknilegar, stjórnunarlegar og efnahagslegar hindranir á rekstrarsamhæfi járnbrautarkerfa og tryggja um leið mikið öryggi og einnig þjálfun, menntun og hæfi starfsmanna.
- 12) Samkvæmt tilskipun ráðsins 91/440/EBE frá 29. júlí 1991 um þróun járnbrauta innan bandalagsins ⁽¹⁾ þarf að bæta aðgengi járnbrautarfyrirtækja að járnbrautakerfum aðildarríkjanna sem einnig útheimtir rekstrarsamhæfi milli grunnvirkja, búnaðar, járnbrautarvagna og stjórn- og rekstrarkerfa, þ.m.t. að starfsmenn hafi þá menntun og hæfi og búi við þau hreinlætis- og öryggisskilyrði á vinnustað sem krafist er fyrir rekstur og viðhald undirkerfanna sem um er að ræða og einnig varðandi framkvæmd allra tækniforskrifta um rekstrarsamhæfi. Markmiðið með þessari tilskipun er þó ekki, hvorki beint né óbeint, að samhæfa vinnuskilyrði í járnbrautargeiranum.
- 13) Það er á ábyrgð aðildarríkjanna að tryggja að farið sé að þeim reglum um öryggi, heilbrigði og neytendavernd sem almennt gilda um járnbrautakerfi við hönnun, smíði, notkun og rekstur þeirra.
- 14) Mikill munur er á milli innlendra reglugerða og á milli innri reglna og tækniforskrifta sem járnbrautirnar beita því þær fela í sér tækni sem er sérstök fyrir iðnað hvers lands og segja fyrir um sérstakar stærðir, sérstakan búnað og sérstaka eiginleika. Þetta kemur í veg fyrir að lestir geti ekið hindrunarlaust í járnbrautakerfi bandalagsins.
- 15) Þetta ástand hefur í tímans rás leitt til mjög náinna tengsla járnbrautariðnaðar og járnbrautarfyrirtækja í hverju landi fyrir sig og það hefur komið í veg fyrir að markaðir opnuðust í raun og veru. Til að auka samkeppnishæfni sína á heimsmarkaði þarf þessi iðnaður opinn Evrópumarkað þar sem samkeppni ríkir.
- 16) Því ber að skilgreina grunnkröfur vegna samevrópska, almenna járnbrautakerfisins sem ná til alls bandalagsins.
- 17) Vegna þess hve stórt og flókið almenna, samevrópska járnbrautakerfið er hefur reynst nauðsynlegt, til aukinnar hagræðingar, að skipta því niður í undirkerfi. Fyrir hvert þessara undirkerfa þarf að skilgreina grunnkröfur og ákveða tækniforskriftir fyrir allt bandalagið, einkum að því er varðar einstaka hluta og skilfleti, til að uppfylla grunnkröfurnar.
- 18) Framkvæmd ákvæða um rekstrarsamhæfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins má ekki valda ónauðsynlegum hindrunum í tengslum við kostnað eða ábata sem koma í veg fyrir að einstök aðildarríki geti haldið eldri járnbrautarkerfum sínum heldur skal hún stuðla að því að viðhalda markmiðinu um rekstrarsamhæfi.
- 19) Tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi hafa einnig áhrif á notkunarskilyrði notenda járnbrautanna og því er nauðsynlegt að hafa samráð við notendur um þá þætti sem snerta þá.
- 20) Í sérstöku tilvikum skal einstökum, hlutaðeigandi aðildarríkjum heimilt að beita ekki tilteknum tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi, að því tilskildu að fyrir hendi sé málsmeðferð sem tryggir að slík frávik eigi rétt á sér. Í 155. gr. sáttmálans er þess krafist að í aðgerðum bandalagsins á sviði rekstrarsamhæfis sé tekið mið af því hvort líklegt sé að verkefni beri sig fjárhagslega.

(¹) Stjtið. EB L 237, 24.8.1991, bls. 25.

- 21) Samning tækniforskrifta um rekstrarsamhæfi og notkun þeirra í tengslum við almenn járnbrautakerfi skal ekki hindra tækninýjungar og með þeim skal stefnt að því að bæta efnahagslegan árangur.
- 22) Nýta skal rekstrarsamhæfi almennra járnbrautarkerfa til að skapa skilyrði fyrir auknu rekstrarsamhæfi milli mismunandi flutningsaðferða, einkum þegar um er að ræða vöruflutninga,
- 23) Til að uppfylla viðeigandi ákvæði um innkaup á sviði járnbrauta, einkum í tilskipun 93/38/EBE ⁽¹⁾, þurfa samningsaðilar að tilgreina tækniforskriftir í almennum skjölum eða í skilmálum og skilyrðum hvers samnings. Í þessu skyni er nauðsynlegt að koma á fót safni evrópskra forskrifta sem fyrrnefndar tækniforskriftir geta vísað til.
- 24) Það væri bandalaginu í hag ef til væri alþjóðlegt stöðlunarkerfi þar sem samdir væru staðlar sem þeir sem hlut eiga að alþjóðaviðskiptum notuðu í raun og sem stæðust þær kröfur sem felast í stefnu bandalagsins. Evrópsku staðlastofnanirnar þurfa því að halda áfram samstarfi sínu við alþjóðlegar staðlastofnanir.
- 25) Samningsaðilum ber að skilgreina frekari kröfur sem nauðsynlegar eru til viðbótar evrópskum forskriftum eða öðrum stöðlum. Þessar forskriftir skulu uppfylla grunnkröfurnar sem hafa verið samhæfðar á vettvangi bandalagsins og sem almenna, samevrópska járnbrautakerfið verður að standast.
- 26) Málsmeðferð við mat á því hvort einstakir hlutar eru í samræmi eða nothæfir þarf að byggjast á notkun aðferðareininganna sem fjallað er um í ákvörðun 93/465/EBE ⁽²⁾. Til að stuðla að þróun atvinnugreinarinnar er rétt að koma á fót málsmeðferð sem felur í sér gæðatryggingarkerfi, eftir því sem mögulegt er.
- 27) Samræmi einstakra hluta tengist fyrst og fremst notkunarsviði þeirra til að tryggja rekstrarsamhæfi kerfisins, en ekki aðeins frjálstri dreifingu á markaði bandalagsins. Meta ber hvort þeir hlutar, sem eru mikilvægastir að því er varðar öryggi, aðgengileika eða hagkvæmni kerfisins, séu nothæfir. Þess vegna er ekki nauðsynlegt að framleiðandi festi CE-merkið á einstaka hluta sem falla undir ákvæði þessarar tilskipunar. Það nægir að framleiðandinn gefi út samræmisýfirlýsingu á grundvelli samræmismatsins og/eða mats á nothæfi.
- 28) Þetta hefur ekki áhrif á þá skyldu framleiðenda að festa CE-merki á tiltekna íhluti til að staðfesta að þeir samrýmist öðrum ákvæðum bandalagsins sem tengjast þeim.
- 29) Undirkerfin, sem samevrópska járnbrautakerfið er samsett úr, skulu sannprófuð. Þessi sannprófun skal gera yfirvöldum, sem bera ábyrgð á leyfi til að taka kerfin í notkun, kleift að ganga úr skugga um að útkoma jafnt hönnunarstigs, smíðastigs og þess stigs þegar kerfin eru tekin í notkun sé í samræmi við gildandi reglur og ákvæði um tækni og rekstur. Þetta á einnig að gera það að verkum að framleiðendur geti treyst því að þeir njóti sömu kjara í hvaða landi sem er. Því er nauðsynlegt að mæla fyrir um aðferðareiningu þar sem skilgreindar eru grundvallarreglur og skilyrði sem gilda við EB-sannprófun undirkerfa.
- 30) Aðferðin við EB-sannprófun á að byggjast á tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi. Þessar tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi falla undir ákvæði 18. gr. tilskipunar 93/38/EBE. Þeir tilkynntu aðilar, sem bera ábyrgð á aðferðinni við mat á samræmi og nothæfi einstakra hluta, svo og aðferð við mat á undirkerfum, verða að samhæfa ákvarðanir sínar eins og kostur er, sérstaklega ef engin evrópsk forskrift er til.
- 31) Sameiginlegt fulltrúaráð á vegum stjórnenda grunnvirkjana, járnbrautarfyrirtækjana og atvinnugreinarinnar semur þessar tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi að beiðni framkvæmdastjórnarinnar. Fulltrúar landa utan bandalagsins, einkum þeirra sem hafa sótt um aðild, geta fengið leyfi til að sitja fundi sameiginlega fulltrúaráðsins frá upphafi sem áheyrnarfulltrúar.
- 32) Í tilskipun ráðsins 91/440/EBE er kveðið á um að færðir séu aðskildir reikningar fyrir rekstur flutningaþjónustu annars vegar og stjórnun járnbrautargrunnvirkjana hins vegar. Að sama skapi þarf sú sérhæfða þjónusta, sem þeir stjórnendur járnbrautargrunnvirkja veita sem eru tilnefndir sem tilkynntir aðilar, að vera skipulögð á þann hátt að hún standist viðmiðanir sem gilda um slíka aðila. Heimilt er að tilkynna aðra sérhæfða aðila ef þeir standast sömu viðmiðanir.
- 33) Nauðsynlegar ráðstafanir til að koma þessari tilskipun í framkvæmd skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 99/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽³⁾.

⁽¹⁾ Tilskipun ráðsins 93/38/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti (Stjtið. EB L 199, 9.8.1993, bls. 84). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 98/4/EB (Stjtið. EB L 101, 1.4.1998, bls. 1).

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins 93/465/EBE frá 22. júlí 1993 um aðferðareiningar fyrir hin ýmsu þrep samræmismatsins og reglur um áfestingu og notkun CE-samræmismarkja sem ætlað er að nota í tilskipunum um tæknilega samæfingu (Stjtið. EB L 220, 30.8.1993, bls. 23).

⁽³⁾ Stjtið. EB. L 184, 17.7.1999, bls. 23.

34) Rekstrarsamhæfi innan almenna, samevrópska járnbrautakerfisins er málefni sem snertir allt bandalagið. Ekkert einstakt aðildarríki er í aðstöðu til að gera það sem þarf til að koma á þessu rekstrarsamhæfi. Í samræmi við dreifræðisregluna geta aðildarríkin ekki náð nægilega vel markmiðum fyrirhugaðra aðgerða og vegna umfangs og áhrifa þessara aðgerða verður þeim því betur framfylgt á vettvangi bandalagsins.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

Almenn ákvæði

1. gr.

1. Tilgangurinn með þessari tilskipun er að setja skilyrði sem fullnægja þarf til að ná fram rekstrarsamhæfi almenna samevrópska járnbrautakerfisins á yfirráðasvæði bandalagsins, eins og lýst er í I. viðauka. Þessi skilyrði varða hönnun, smíði, notkun, endurbætur, endurnýjun, rekstur og viðhald þeirra hluta þessa kerfis, sem eru teknir í notkun eftir gildistökudag þessarar tilskipunar, og einnig faglega menntun og hæfi og heilbrigðis- og öryggisaðstæður starfsmanna sem vinna við þennan rekstur.

2. Þetta markmið skal leiða til þess að lágmarksstig tæknilegrar samhæfingar verði skilgreint og gera það kleift:

- a) að auðvelda, bæta og þróa alþjóðlega járnbrautarflutninga innan Evrópusambandsins og til þriðju landa;
- b) að stuðla að því að byggja upp innri markaðinn í áföngum að því er varðar búnað og þjónustu vegna smíði, endurnýjunar, endurbóta og reksturs almenna, samevrópska járnbrautakerfisins;
- c) að stuðla að rekstrarsamhæfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins.

2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „almenna, samevrópska járnbrautakerfið“: skipulag samevrópska flutningakerfisins, sem lýst er í I. viðauka og er samsett úr brautum og föstum byggingum, sem hefur verið smíðað eða endurbætt fyrir almenna járnbrautarflutninga og samsetta járnbrautarflutninga, auk járnbrautarvagna sem hafa verið hannaðir til aksturs á þessum grunnvirkjum;

- b) „rekstrarsamhæfi“: sá eiginleiki almenna, samevrópska járnbrautakerfisins sem gerir það að verkum að lestir, sem ná þeim skilum sem krafist er á brautum, geta ekið eftir þeim örugglega og óhindrað. Þessi eiginleiki er háður öllum þeim skilyrðum varðandi reglur, tækni og rekstur sem fullnægja þarf til að uppfylla grunnkröfur;

- c) „undirkerfi“: undireiningar almenna, samevrópska járnbrautakerfisins, eins og fram kemur í II. viðauka. Þessi undirkerfi eru í formi mannvirkja eða starfræns eðlis og mæla skal fyrir um grunnkröfur vegna þeirra;

- d) „rekstrarsamhæfishlutar“: einstakir íhlutir, hópar íhluta, undirsamstæður eða heilar samstæður búnaðar sem eru felld eða fyrirhugað er að fella inn í undirkerfi og sem rekstrarsamhæfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins er háð, beint eða óbeint; Hugtakið „hluti“ nær jafnt yfir áþreifanlega sem óáþreifanlega hluti, svo sem hugbúnað;

- e) „grunnkröfur“: öll þau skilyrði sem kveðið er á um í III. viðauka og almenna, samevrópska járnbrautakerfið, undirkerfin og rekstrarsamhæfishlutar þeirra verða að uppfylla, þ.m.t. skilfletir;

- f) „evrópsk forskrift“: sameiginleg tækniforskrift, evrópskt tæknisamþykki eða landsstaðall til framkvæmdar evrópskum staðli, eins og skilgreint er í 8. til 12. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/38/EBE;

- g) „tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi (TSI)“: forskriftir, sem gilda fyrir hvert undirkerfi eða hluta af undirkerfi, til að uppfylla grunnkröfur og tryggja rekstrarsamhæfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins;

- h) „sameiginlegt fulltrúaráð“: ráð þar sem saman koma fulltrúar stjórnenda grunnvirkja, járnbrautarfyrirtækja og atvinnugreinarinnar, sem sér um að semja tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi. Með hugtakinu „stjómendur grunnvirkja“ er átt við þá stjórn sem um getur í 3. og 7. gr. tilskipunar 91/440/EBE;

- i) „tilkynntir aðilar“: aðilar sem sjá um að meta samræmi eða nothæfi rekstrarsamhæfishlutanna eða sjá um að framkvæma EB-sannpröfun undirkerfa;

- j) „grunnfæríbreytur“: reglur og tæknileg eða rekstrarleg skilyrði sem skipta meginmáli fyrir rekstrarsamhæfi og þarf að taka ákvörðun um í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 21. gr., áður en sameiginlega fulltrúaráðið leggur drög að tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi;
- k) „sérstök tilvik“: hver einstakur hluti almenna, samevrópska járnbrautakerfisins, sem setja þarf sérstök ákvæði um í tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi, annaðhvort tímabundið eða til frambúðar, vegna umhverfistakmarkana, landfræðilegra, staðfræðilegra eða vegna þéttbýlis, eða takmarkana vegna samhæfingar við eldra kerfi. Þetta getur einkum átt við um járnbrautir og kerfi járnbrauta sem eru einangruð frá öðrum hlutum bandalagsins, um hleðslumál, sporvidd eða bil á milli spora, um járnbrautarvagna sem eru einungis notaðir á tilteknum stað eða svæði eða í sagnfræðilegum tilgangi og járnbrautarvagna sem eru frá þriðju löndum eða fara til þeirra, að því tilskildu að þessir vagnar fari ekki yfir landamæri tveggja aðildarríkja;
- l) „endurbætur“: allar umtalsverðar breytingar á undirkerfi eða hluta af því sem gera það nauðsynlegt að fá nýtt leyfi til að taka það í notkun í skilningi 1. mgr. 14. gr.;
- m) „endurnýjun“: öll umtalsverð vinna við að skipta um undirkerfi eða hluta af því sem gerir það nauðsynlegt að fá nýtt leyfi til að taka það í notkun í skilningi 1. mgr. 14. gr.;
- n) „eldra járnbrautarkerfi“: kerfi sem er samsett úr brautum og föstum byggingum þess járnbrautarkerfis sem fyrir er auk járnbrautarvagna úr hvaða flokki eða af hvaða uppruna sem vera skal sem ekið er á þessum grunnvirkjum.

3. gr.

1. Þessi tilskipun gildir um ákvæði sem varða, fyrir hvert undirkerfi, rekstrarsamhæfishluta, skilfleti og málsmeðferð svo og skilyrði varðandi heildarsamhæfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins sem nauðsynleg eru til að ná fram rekstrarsamhæfi þess.
2. Ákvæði þessarar tilskipunar gilda með fyrirvara um önnur ákvæði bandalagsins sem við eiga. Að því er varðar rekstrarsamhæfishluta, þ.m.t. skilfleti, getur þó þurft að beita þar til gerðum evrópskum forskriftum svo að farið sé að grunnkröfum þessarar tilskipunar.

4. gr.

1. Almenna, samevrópska járnbrautakerfið, undirkerfi þess og rekstrarsamhæfishlutar þeirra, þ.m.t. skilfletir, verða að uppfylla þær grunnkröfur sem við eiga.

2. Frekari tækniforskriftir, sem um getur í 4. mgr. 18. gr. tilskipunar 93/38/EBE og eru nauðsynlegar til viðbótar evrópskum forskriftum eða öðrum stöðlum sem eru notaðir innan bandalagsins, mega ekki stangast á við grunnkröfur.

II.KAFLI

Tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi

5. gr.

1. Um hvert undirkerfi skal gilda tækniforskrift um rekstrarsamhæfi. Þegar nauðsyn krefur, einkum þegar meðhöndla þarf ýmsa flokka brauta, tengispora eða járnbrautarvagna sérstaklega eða leysa sérstakan vanda í tengslum við rekstrarsamhæfi sem forgangsverkefni, getur undirkerfi fallið undir fleiri en eina tækniforskrift um rekstrarsamhæfi. Þegar þannig háttar til gilda ákvæði þessarar greinar einnig um viðkomandi hluta undirkerfis.
2. Undirkerfi skulu vera í samræmi við tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi. Þessu samræmi þarf að viðhalda allan tímann sem hvert undirkerfi er í notkun.
3. Að því marki sem nauðsynlegt er til að ná markmiðunum, sem um getur í 1. gr., skal í tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi:
 - a) tilgreina fyrirhugað gildissvið þeirra (hluta kerfis eða járnbrautarvagna sem um getur í I. viðauka; undirkerfi eða hluta undirkerfis sem um getur í II. viðauka);
 - b) mæla fyrir um grunnkröfur fyrir hvert viðeigandi undirkerfi og skilfleti þess við önnur undirkerfi;
 - c) setja starfrænar og tæknilegar forskriftir sem undirkerfið og skilfletir þess við önnur undirkerfi þurfa að vera í samræmi við. Ef nauðsyn krefur geta þessar forskriftir verið breytilegar eftir því hvernig undirkerfið er notað, t.d. að því er varðar flokka brauta, tengispora og/eða járnbrautarvagna sem kveðið er á um í I. viðauka;
 - d) ákvarða hvaða rekstrarsamhæfishlutar og skilfletir skuli falla undir evrópskar forskriftir, að meðtöldum evrópskum stöðlum, sem eru nauðsynlegar til að ná fram rekstrarsamhæfi innan almenna, samevrópska járnbrautakerfisins;
 - e) lýsa, í hverju tilviki um sig, málsmeðferð við mat á samræmi eða nothæfi. Þetta á einkum við um aðferðareiningarnar, sem skilgreindar eru í ákvörðun 93/465/EBE, eða, þar sem við á, um þá tilteknu málsmeðferð sem nota skal til að meta annaðhvort samræmi eða nothæfi rekstrarsamhæfishlutanna svo og EB-sannpröfun undirkerfanna;

f) tilgreina á hvern hátt áformað sé að koma tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi í framkvæmd. Einkum er nauðsynlegt að tilgreina hvaða áföngum þurfi að ljúka þegar gerðar eru breytingar í áföngum frá núverandi tilhögun til endanlegrar tilhögunar þar sem reglan verður sú að farið sé að tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi;

g) tilgreina, að því er varðar starfsfólk, faglega menntun og hæfi og heilbrigðis- og öryggisaðstæður á vinnustað sem krafist er vegna reksturs og viðhalds umræddra undirkerfa og einnig með tilliti til framkvæmdar tækniforskrifta um rekstrarsamhæfi.

4. Hver tækniforskrift um rekstrarsamhæfi skal samin á grundvelli rannsóknar á eldra undirkerfi og sem markmið skal tilgreina undirkerfi sem koma á upp í áföngum innan eðlilegra tímamarka. Að samþykka tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi í áföngum stuðlar þannig að því að ná smátt og smátt fram rekstrarsamhæfi í almenna, samevrópska járnbrautakerfinu.

5. Tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi skulu viðhalda samhæfi eldri járnbrautarkerfa í hverju aðildarríki um sig á sem heppilegastan hátt. Í þessu skyni er hægt að setja ákvæði fyrir hverja einstaka tækniforskrift um rekstrarsamhæfi með tilliti til bæði grunnvirkisins og járnbrautarvagnanna. Gæta verður sérstaklega að hleðslumálum, sporvidd og bili á milli spora og vögunum sem eru frá eða fara til þriðju landa. Í hverju einstöku tilvikinu eru framkvæmdareglur fyrir tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi ákvarðaðar fyrir hvern einstakan þátt tækniforskriftanna sem eru tilgreindir í c- til g-lið 3. mgr.

6. Tækniforskriftirnar um rekstrarsamhæfi hindra ekki ákvarðanir aðildarríkjanna um notkun grunnvirkja sem ætluð eru járnbrautarvögunum sem falla ekki undir tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi.

6. gr.

1. Sameiginlega fulltrúaráðið skal semja drög að tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi í umboði framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í 2. mgr. 21. gr. Tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi skulu samþykktar og endurskoðaðar með sömu málsmeðferð. Framkvæmdastjórnin birtir þær í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

2. Sameiginlega fulltrúaráðið skal tilnefnt í samræmi við málsmeðferðina sem er lýst í 2. mgr. 21. gr. Það skal fara að reglunum sem mælt er fyrir um í VIII. viðauka. Ef sameiginlega fulltrúaráðið fer ekki að þessum reglum eða hefur ekki nauðsynlega heimild til að semja tiltekna tækniforskrift um rekstrarsamhæfi skal tilnefna aðra stofnun, sem hefur til þess heimild, með sömu málsmeðferð. Í síðarnefnda tilvikinu skal þessi stofnun vinna í tengslum við sameiginlega fulltrúaráðið.

3. Sameiginlega fulltrúaráðið eða, þegar við á, önnur stofnun sem hefur til þess heimild, sér um að endurskoða og uppfæra tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi og að koma tilmælum til nefndarinnar, sem um getur í 21. gr., svo að tekið sé tillit til tæknipróunar eða breytinga á kröfum samfélagsins.

4. Semja skal drög að hverri tækniforskrift um rekstrarsamhæfi í tveimur þrepum.

Fyrst skal sameiginlega fulltrúaráðið tilgreina grunnfæri-breytur viðkomandi tækniforskriftar um rekstrarsamhæfi og einnig skilfleti við önnur undirkerfi og öll önnur sértilvik eftir því sem nauðsyn krefur. Gera skal grein fyrir ákjósanlegustu lausnunum sem nota má að öðrum kosti ásamt tæknilegum og efnahagslegum rökum að því er varðar hverja einstaka færíbreytu og skilflöt. Taka ber ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem er sett fram í 2. mgr. 21. gr. Tilgreina skal sértilvik ef nauðsyn krefur.

Því næst skal sameiginlega fulltrúaráðið semja drög að tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi á grundvelli þessara grunnfæribreytna. Þegar við á skal sameiginlega fulltrúaráðið taka tillit til tæknilegra framfara, stöðlunarvinnu, sem þegar hefur verið unnin, til vinnuhópa sem þegar eru að störfum og til viðurkenndrar rannsóknarvinnu. Drögum að tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi skal fylgja heildarmat á áætluðum kostnaði og ábata vegna framkvæmdar þeirra. Þetta mat skal fela í sér líkleg áhrif fyrir alla rekstraraðila og hagræna aðila sem eiga hlut að máli.

5. Við gerð draga, samþykkt og endurskoðun hverrar tækniforskriftar um rekstrarsamhæfi (þar á meðal grunnfæribreytna) skal taka tillit til áætlaðs kostnaðar og ábata af þeim tæknilausnum, sem koma til greina, ásamt innbyrðis skilflötum þeirra, með það fyrir augum að finna og framkvæma ákjósanlegustu lausnirnar. Aðildarríkin skulu taka þátt í þessu mati með því að leggja fram tilskilin gögn.

6. Nefndin, sem um getur í 21. gr., skal fá reglulega upplýsingar um framgang vinnunnar við gerð tækniforskriftanna um rekstrarsamhæfi. Meðan á þessari vinnu stendur er nefndinni heimilt að setja fram starfslýsingu eða gagnleg tilmæli að því er varðar hönnun tækniforskrifta um rekstrarsamhæfi og kostnaðar- og ábatagreiningu. Einkum getur nefndin, að beiðni aðildarríkis, krafist þess að aðrar lausnir séu athugaðar og að mat á kostnaði og ábata við þær lausnir sé sett fram í skýrslu sem fylgir með drögum að tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi.

7. Við samþykkt hverrar tækniforskriftar um rekstrarsamhæfi skal ákveða daginn sem hún öðlast gildi í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 21. gr. Þegar taka þarf mörg undirkerfi í notkun samtímis vegna tæknilegrar samhæfingar skal gildistökudagur tilheyrandi tækniforskrifta um rekstrarsamhæfi vera sá sami.

8. Við gerð draga og endurskoðun tækniforskrifta um rekstrarsamhæfi skal taka tillit til álits notenda á því hvaða eiginleikar hafa bein áhrif á þær aðstæður þar sem þeir nota undirkerfin.

Í því skyni skal sameiginlega fulltrúaráðið eða, þar sem við á, aðili, sem hefur til þess heimild, hafa samráð við félög og stofnanir sem eru fulltrúar notenda meðan gerð draga og endurskoðun tækniforskriftanna um rekstrarsamhæfi stendur yfir.

Þessir aðilar skulu láta niðurstöður þessa samráðs fylgja drögum að tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi.

Nefndin, sem um getur í 21. gr., skal ljúka gerð skrár yfir félög og stofnanir, sem ber að hafa samráð við, áður en umboð vegna fyrstu tækniforskriftarinnar um rekstrarsamhæfi er samþykkt og getur endurskoðað skrána og uppfært að beiðni aðildarríkis eða framkvæmdastjórnarinnar.

9. Við gerð draga og endurskoðun tækniforskrifta um rekstrarsamhæfi skal taka tillit til álits aðila vinnumarkaðarins á skilyrðunum sem um getur í g-lið 3. mgr. 5. gr.

Hafa skal samráð við aðila vinnumarkaðarins áður en drögin að tækniforskrift um rekstrarsamhæfi eru lögð fyrir nefndina, sem um getur í 21. gr., til samþykktar eða endurskoðunar.

Hafa skal samráð við aðila vinnumarkaðarins í tengslum við viðuræðunefnd starfsgreina sem komið var á fót í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/500/EB (¹).

Aðilar vinnumarkaðarins skulu skila áliti innan þriggja mánaða.

7. gr.

Aðildarríki er heimilt að láta hjá líða að beita einni eða fleiri tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi, þar á meðal þeim sem varða járnbrautavagna, í tilvikum og við aðstæður sem hér segir:

- a) þegar leggja á nýja braut eða endurbæta eldri braut eða þegar um er að ræða atriði sem um getur í 1. mgr. 1. gr. sem eru komin vel á veg eða falla undir samning sem verið er að framkvæma þegar þessar tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi eru birtar;
- b) þegar um er að ræða verkefni varðandi endurnýjun eða endurbætur á eldri braut þar sem ekki er hægt að samhæfa hleðslumál, sporvidd, bil á milli spora eða rafspennu á eldri brautum þessum tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi;
- c) þegar leggja á nýjar brautir eða endurnýja eða endurbæta eldri brautir á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis þar sem haf aðskilur eða einangrar járnbrautakerfi þess frá járnbrautakerfi í öðrum hlutum bandalagsins;
- d) þegar um er að ræða endurnýjun, framlengingu eða endurbætur á eldri braut þar sem beiting þessara tækniforskrifta um rekstrarsamhæfi myndi tefla framtíð verkefnisins og/eða samhæfi járnbrautakerfis aðildarríkisins í tvísýnu fjárhagslega;

e) þar sem skilyrði til skjótrar endurgerðar járnbrautakerfisins eftir slys eða náttúruhamfarir eru slík, fjárhagslega eða tæknilega, að ekki er unnt að beita viðkomandi tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi, hvorki að hluta til né að fullu;

f) þegar um er að ræða vagna frá þriðja landi eða sem fara til þriðja lands þar sem sporvidd er frábrugðin þeirri sporvidd sem er notuð í aðaljárnbrautakerfi bandalagsins.

Í öllum tilvikum skulu hlutaðeigandi aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni fyrirfram um fyrirhugaða undanþágu og senda henni skjöl þar sem lýst er þeim tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi eða hlutum slíkra forskrifta sem það vill ekki beita og einnig samsvarandi forskriftum sem það vill beita. Nefndin, sem kveðið er á um í 21. gr., skal athuga fyrirhugaðar ráðstafanirnar aðildarríkisins. Varðandi tilvikin í b-, d- og f-lið skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 21. gr. Þegar þörf krefur skal setja fram tilmæli varðandi forskriftirnar sem áformað er að beita. Að því er varðar b-lið skal ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar þó ekki ná til hleðslumála og sporviddar.

III.KAFLI

Rekstrarsamhæfishlutar

8. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að rekstrarsamhæfishlutar:

- a) séu því aðeins markaðssettir að þeir hafi það í för með sér að rekstrarsamhæfi náist innan almenna, samevrópska járnbrautakerfisins og samrýmist um leið grunnkröfunum,
- b) séu notaðir á því notkunarsviði og á þann hátt sem til er ætlast og settir upp og þeim viðhaldið á viðeigandi hátt.

Ákvæðin skulu ekki koma í veg fyrir markaðssetningu þessara hluta til annarrar notkunar.

9. gr.

Aðildarríkjum er óheimilt að banna, takmarka eða koma í veg fyrir markaðssetningu rekstrarsamhæfishluta til að nota í almenna, samevrópska járnbrautakerfinu á yfirráðasvæði sínu og á grundvelli þessarar tilskipunar ef þeir samrýmast ákvæðum tilskipunarinnar. Einkum geta þau ekki krafist skoðunar sem þegar hefur verið framkvæmd sem hluti af EB-yfirlýsingu um samræmi eða nothæfi, sem er nánar lýst í IV. viðauka.

(¹) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/500/EB frá 20. maí 1998 um stofnun viðuræðunefnda starfsgreina til að stuðla að skoðanaskiptum milli aðila vinnumarkaðarins innan Evrópu (Stj. tíð. EB L 255, 12.8.1998, bls. 27).

10. gr.

1. Aðildarríkin skulu líta svo á að þeir rekstrarsamhæfislutar sem EB-yfirlýsing um samræmi eða nothæfi fylgir samrýmist þeim grunnkröfum þessarar tilskipunar sem um þá gilda.

2. Ákvarða skal hvort tiltekinn rekstrarsamhæfisluti samrýmist viðkomandi grunnkröfum og, þegar við á, sé nothæfur með tilliti til skilyrðanna sem mælt er fyrir um í tilheyrandi tækniforskrift um rekstrarsamhæfi, þar á meðal viðeigandi evrópskum forskriftum séu þær fyrir hendi.

3. Birta skal tilvísanir í evrópskar forskriftir í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og geta þeirra í viðkomandi tækniforskrift um rekstrarsamhæfi. Þegar viðeigandi evrópskar forskriftir eru birtar eftir að tækniforskrift um rekstrarsamhæfi hefur verið samþykkt skal taka tillit til þeirra þegar tækniforskriftirnar eru endurskoðaðar.

4. Aðildarríkin skulu birta tilvísanir í landsstaðla sem eru til framkvæmdar evrópskum stöðlum.

5. Að því er varðar tímabilið fyrir birtingu tækniforskrifta um rekstrarsamhæfi skulu aðildarríkin, ef engar evrópskar forskriftir eru fyrir hendi og með fyrirvara um ákvæði 5. mgr. 20. gr., tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni hvaða staðlar og tækniforskriftir eru notaðar til að framfylgja grunnkröfunum. Þetta skal tilkynnt eigi síðar en 20. mars 2002.

6. Ef evrópsk forskrift er ekki fyrir hendi þegar tækniforskrift um rekstrarsamhæfi er samþykkt, og samræmi við slíka forskrift er nauðsynleg forsenda þess að rekstrarsamhæfi sé tryggt, má setja í tækniforskriftina um rekstrarsamhæfi tilvísun í nýjustu drögin að evrópskri forskrift sem gæta þarf samræmis við eða taka inn í hana öll drögin eða hluta þeirra.

11. gr.

Ef aðildarríki eða framkvæmdastjórninni virðist að evrópsku forskriftirnar standist ekki grunnkröfurnar er hægt að ákveða að draga þessar forskriftir eða breytingar á þeim til baka, að hluta eða í heild, úr ritum þar sem þær eru skráðar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 21. gr. og, ef um evrópska staðla er að ræða, að höfðu samráði við nefndina sem komið var á fót með tilskipun 98/34/EB⁽¹⁾.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta á sviði tæknistaðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu (Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37). Tilskipuninni var breytt með tilskipun 98/48/EB (Stjtið. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18).

12. gr.

1. Ef aðildarríki kemst að þeirri niðurstöðu að ólíklegt sé að rekstrarsamhæfisluti, sem EB-samræmisyfirlýsing eða yfirlýsing um nothæfi nær yfir og settur hefur verið á markað, standist grunnkröfur þegar hann er notaður eins og til er ætlast, þá ber því ríki að gera allar þær ráðstafanir sem með þarf til að takmarka notkunarsvið hans, banna notkun hans eða taka hann af markaðnum. Aðildarríkið skal tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni til hvaða aðgerða hefur verið gripið og gefa upp ástæðurnar fyrir ákvörðun sinni og skal þar m.a. koma fram hvort ástæðan er:

- a) að hlutinn standist ekki grunnkröfurnar;
- b) að evrópsku forskriftunum sé beitt á rangan hátt þar sem treyst er á beitingu slíkra forskrifta;
- c) að evrópsku forskriftirnar séu ekki fullnægjandi.

2. Framkvæmdastjórnin hefur samráð við málsaðila eins fljótt og auðið er. Ef framkvæmdastjórnin kemst, í kjölfar þess, að þeirri niðurstöðu að ráðstafanirnar eigi rétt á sér, skal hún þegar í stað tilkynna það aðildarríkinu sem hafði frumkvæði að ráðstöfununum svo og hinum aðildarríkjunum. Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu, að höfðu samráði við málsaðila, að ráðstafanirnar eigi ekki rétt á sér skal hún þegar í stað tilkynna það aðildarríkinu sem hafði frumkvæði að ráðstöfununum svo og framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans sem hefur staðfestu innan bandalagsins. Ef gloppa í evrópsku forskriftunum réttlætir ákvörðunina, sem um getur í 1. mgr., gildir málsmeðferðin sem mælt er fyrir um í 11. gr.

3. Ef rekstrarsamhæfisluti, sem EB-samræmisyfirlýsing fylgir, reynist ekki vera í samræmi við forskriftir ber lögbæru aðildarríki að gera viðeigandi ráðstafanir gegn þeim sem samdi yfirlýsinguna og tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það.

4. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að aðildarríkin fái upplýsingar um framgang og niðurstöður fyrrnefndrar málsmeðferðar.

13. gr.

1. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans, sem hefur staðfestu innan bandalagsins, þarf að beita ákvæðum tækniforskriftanna um rekstrarsamhæfi sem gilda um tiltekinn rekstrarsamhæfisluta til að geta gefið út EB-yfirlýsingu um samræmi eða nothæfi vegna hans.

2. Tilkynntur aðili, sem framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan bandalagsins hafa lagt inn umsókn hjá, skal meta samræmi og nothæfi rekstrar-samhæfisluta.

3. Ef aðrar tilskipanir bandalagsins, sem fjalla um aðra þætti, ná yfir rekstrarsamhæfishluta þarf að koma fram í EB-yfirlýsingu um samræmi eða nothæfi að rekstrar-samhæfishlutarnir standist einnig kröfur þeirra tilskipana.

4. Ef hvorki framleiðandi né viðurkenndur fulltrúi hans, sem hefur staðfestu innan bandalagsins, rækir þær skyldur sem felast í 1., 2. og 3. mgr., falla þær á hvern þann sem markaðssetur rekstrarsamhæfishlutann. Að því er varðar þessa tilskipun hvíla sömu skyldur á hverjum þeim sem setur saman rekstrarsamhæfishluta eða hluta þeirra af ýmsum uppruna eða framleiðir rekstrarsamhæfishlutana til eigin nota.

5. Með fyrirvara um ákvæði 12. gr. gildir eftirfarandi:

- a) komist aðildarríki að því að EB-samræmisyfirlýsing sé ekki rétt samín skal þess krafist að framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans, sem hefur staðfestu innan bandalagsins, sjái til þess að rekstrarsamhæfishlutinn verði samræmdur og látið verði af brotinu með þeim skilyrðum sem viðkomandi aðildarríki setur;
- b) ef ósamræmi varir áfram skal aðildarríkið gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að takmarka eða banna markaðssetningu hlutaðeigandi rekstrarsamhæfishluta eða sjá til þess að hann verði tekinn af markaðnum í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 12. gr.

IV.KAFLI

Undirkerfi

14. gr.

1. Hvert aðildarríki skal heimila að tekin verði í notkun þau undirkerfi í formi mannvirkja sem eru hluti af almenna, samevrópska járnbrautakerfinu og eru staðsett eða rekin á yfirráðasvæði þess.

Í þessum tilgangi skulu aðildarríkin gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að því aðeins megi taka fyrirnefnd undirkerfi í notkun að þau séu hönnuð, smíðuð og sett upp á þann hátt að þau standist þær grunnkröfur sem varða þau þegar þau verða hluti af almenna, samevrópska járnbrautakerfinu. Þau skulu einkum athuga samhæfi þessara undirkerfa gagnvart kerfinu sem þau eiga að verða hluti af.

2. Hvert aðildarríki skal athuga, þegar þessi undirkerfi eru tekin í notkun og með reglulegu millibili eftir það, hvort þau séu rekin og þeim viðhaldið í samræmi við grunnkröfurnar sem varða þau.

3. Þegar um endurnýjun eða endurbætur er að ræða skal stjórnandi grunnvirkisins eða fyrirtækisins senda skjöl með lýsingu á verkefninu til viðkomandi aðildarríkis. Aðildarríkið skal skoða þessi skjöl og ákveða, að teknu tilliti til framkvæmdaáætlunarinnar sem fram kemur í viðkomandi tækniforskrift um rekstrarsamhæfi, hvort umfang verksins sé slíkt að nauðsynlegt sé að fá nýja heimild fyrir notkun í skilningi þessarar tilskipunar. Þessarar heimildar fyrir notkun er krafist í hvert sinn sem fyrirhugað verk getur haft áhrif á öryggisstig.

15. gr.

Með fyrirvara um ákvæði 19. gr. er aðildarríkjunum óheimilt að banna, takmarka eða torvelda á grundvelli þessarar tilskipunar að undirkerfi í formi mannvirkja, sem eru hluti af almenna, samevrópska járnbrautakerfinu og fullnægja grunnkröfunum, verði smíðuð, tekin í notkun og rekin á yfirráðasvæði sínu. Einkum geta þau ekki krafist skoðunar sem þegar hefur verið framkvæmd sem hluti af yfirlýsingu um EB-sannpröfun og er nánar lýst í V. viðauka.

16. gr.

1. Aðildarríkin skulu líta svo á að undirkerfi í formi mannvirkja, sem eru hluti af almenna, samevrópska járnbrautakerfinu og sem EB-sannpröfunaryfirlýsing er til um, uppfylli kröfuna um rekstrarsamhæfi og standist þær grunnkröfur sem varða þau.

2. Sannpröfun á rekstrarsamhæfi undirkerfis í formi mannvirkja, sem eru hluti af samevrópska háhraðajárnbrautakerfinu, og því hvort það stenst þær grunnkröfur sem gerðar eru varðandi það, skal byggja á tilvísunum í tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi, séu þær til.

3. Að því er varðar tímabilið fyrir birtingu tækniforskrifta um rekstrarsamhæfi, skulu aðildarríkin senda hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni skrá, fyrir hvert undirkerfi, yfir þær tæknireglur sem notaðar eru til að meta hvort grunnkröfum sé fullnægt. Þetta skal tilkynnt eigi síðar en 20. mars 2002.

17. gr.

Komi í ljós að tækniforskriftirnar um rekstrarsamhæfi uppfylla grunnkröfurnar ekki til fulls má hafa samráð við nefndina sem um getur í 21. gr., að beiðni aðildarríkis eða frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar.

18. gr.

1. Þegar gefa á út EB-sannprófunaryfirlýsingu skal innkaupaaðili eða opinber fulltrúi hans fara þess á leit við tilkynntan aðila, sem hann velur til verksins, að hann beiti málsmeðferðinni sem um getur í VI. viðauka við EB-sannprófunina.

2. Verkefni tilkynnta aðilans, sem ber ábyrgð á EB-sannprófun undirkerfis, hefst á hönnunarstiginu og nær yfir allan framleiðslutímamann og fram að staðfestingu sem fer fram áður en undirkerfið er tekið í notkun. Það nær einnig til sannprófunar á skilflötum milli undirkerfisins og kerfisins, sem það á að verða hluti af, á grundvelli upplýsinga sem eru tiltækar í viðkomandi tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi og í skránum sem kveðið er á um í 24. gr.

3. Tilkynnti aðilinn ber ábyrgð á því að taka saman tækniskjöl sem þurfa að fylgja EB-sannprófunaryfirlýsingunni. Í tækniskjölunum þurfa að vera öll nauðsynleg gögn er varða eiginleika undirkerfisins og, ef við á, öll skjöl sem votta samræmi rekstrarsamhæfislutanna. Í henni skulu einnig vera allar upplýsingar varðandi skilyrði og takmarkanir vegna notkunar og fyrirmæli um viðhaldsþjónustu, stöðugt eða reglubundið eftirlit, stillingu og viðhald.

19. gr.

1. Komist aðildarríki að raun um að undirkerfi í formi mannvirkis, sem EB-sannprófunaryfirlýsingin og tækniskjölin ná til, samrýmist ekki fyllilega þessari tilskipun, einkum grunnkröfunum, þá getur það farið fram á að gerðar verði viðbótarathuganir.

2. Aðildarríkið, sem setur fram slíka beiðni, skal tilkynna framkvæmdastjórninni þegar í stað um þær viðbótarathuganir sem farið er fram á og leggja fram rökstuðning fyrir beiðninni. Framkvæmdastjórnin hefur þegar í stað málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 21. gr.

V. KAFLI

Tilkynntir aðilar*20. gr.*

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum hvaða aðilar annist framkvæmd matsins á samræmi eða nothæfi sem um getur í 13. gr. og sannprófunina sem um getur í 18. gr. og gefa upp verksvið hvers aðila og kenninúmer sem framkvæmdastjórnin úthlutar fyrirfram. Framkvæmdastjórnin skal birta skrá yfir aðilana, kenninúmer þeirra og verksvið í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og tryggja að skráin sé uppfærð.

2. Aðildarríkin skulu beita viðmiðunum sem kveðið er á um í VII. viðauka við mat á aðilum sem á að tilkynna. Aðilar, sem standast matsviðmiðanirnar sem kveðið er á um í viðeigandi Evrópustöðlum, teljast standast fyrrnefndar viðmiðanir.

3. Aðildarríki skal afturkalla samþykki sitt á aðila sem stenst ekki lengur viðmiðanirnar sem um getur í VII. viðauka. Það skal tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það þegar í stað.

4. Ef aðildarríki eða framkvæmdastjórnin telur að aðili, sem annað aðildarríki hefur tilkynnt, standist ekki viðeigandi viðmiðanir skal vísa málinu til nefndarinnar sem kveðið er á um í 21. gr., en hún skilar álitinu innan þriggja mánaða. Í ljósi nefndarálitsins tilkynnir framkvæmdastjórnin aðildarríkinu allar þær breytingar sem gera þarf til að tilkynnti aðilinn haldi stöðu sinni.

5. Samræming tilkynntu aðilanna skal eftir atvikum fara fram í samræmi við 21. og 22. gr.

VI. KAFLI

Nefnd og vinnuáætlun*21. gr.*

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem skipuð er samkvæmt 21. gr. tilskipunar 96/48/EBE (hér á eftir kölluð „nefndin“).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar skulu 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda, að teknu tilliti til ákvæða 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin skal setja sér starfsreglur.

22. gr.

Þegar þessi tilskipun hefur öðlast gildi getur framkvæmdastjórnin rætt öll mál er varða rekstrarsamhæfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins, þ.m.t. atriði er varða rekstrarsamhæfi milli samevrópska járnbrautakerfisins og járnbrautakerfis þriðju landa.

23. gr.

1. Forgangsröð fyrir samþykkt tækniforskrifta um rekstrarsamhæfi skal vera sem hér segir, án þess að það hafi áhrif á það í hvaða röð umboðin, sem kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr., eru samþykkt:

a) fyrsti hópur tækniforskrifta um rekstrarsamhæfi skal ná til stjórnbúnaðar og merkjasendinga, fjarvirknibúnaðar fyrir vöruflutninga, reksturs og umferðarstjórnar (þ.m.t. menntun og hæfi starfsfólks á landamærastöðvum með tilliti til viðmiðananna sem eru skilgreindar í II. og III. viðauka), vöruflutningavagna og vandamála vegna hávaða frá járnbrautarvögnum og grunnvirkjum.

Járnbrautarvagnar sem eru ætlaðir til millilandanotkunar verða þróaðir fyrstir járnbrautarvagna;

b) eftirfarandi atriði skulu einnig rædd með hliðsjón af því fjármagni sem framkvæmdastjórnin og sameiginlega fulltrúaráðið hafa til umráða: fjarvirknibúnaður fyrir farþegaflutninga, viðhald með sérstöku tilliti til öryggis, farþegavagnar, dráttareiningar og eimvagnar, grunnvirki, orka og loftmengun.

Járnbrautarvagnar sem eru ætlaðir til millilandanotkunar verða þróaðir fyrstir járnbrautarvagna;

c) nefndin getur ákveðið, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, aðildarríkis eða sameiginlega fulltrúaráðsins og í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 21. gr., að semja tækniforskrift um rekstrarsamhæfi fyrir aðra hluti án þess að það hafi áhrif á forgangsröðina sem er lýst hér að framan að svo miklu leyti sem þeir varða undirkerfi sem getið er í II. viðauka.

2. Nefndin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 21. gr., gera vinnuáætlun þar sem fylgt er forgangsröðinni sem um getur í 1. mgr. og öðrum verkefnum sem henni eru falin með þessari tilskipun.

Tækniforskriftirnar, sem nefndar eru í fyrstu vinnuáætluninni sem um getur í a-lið 1. mgr., skulu samdar eigi síðar en 20. apríl 2004.

3. Vinnuáætlunin skal vera í eftirfarandi þrepum:

a) tilnefning sameiginlega fulltrúaráðsins;

b) gerð yfirlits yfir mannvirki almenna járnbrautakerfisins, sem unnið er úr drögum frá sameiginlega fulltrúaráðinu og byggist á skránni yfir undirkerfi (II. viðauki) til að tryggja samræmi milli tækniforskrifta um rekstrarsamhæfi. Þetta yfirlit skal einkum sýna mismunandi hluta þessa kerfis og skilfleti þeirra og vera viðmiðunarrámi fyrir skilgreiningu á notkunarviðum hverrar tækniforskriftar um rekstrarsamhæfi;

c) samþykkt líkans sem skal vera fyrirmynd við samningu tækniforskrifta um rekstrarsamhæfi;

d) samþykkt aðferðar við kostnaðar- og ábatagreiningu lausnanna sem eru settar fram í tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi;

e) samþykkt umboðanna sem eru nauðsynleg vegna samningar tækniforskrifta um rekstrarsamhæfi;

f) samþykkt grunnfæribreytna fyrir hverja tækniforskrift um rekstrarsamhæfi;

g) samþykki á drögum að stöðlunaráætlunum;

h) stjórnun á aðlögunartímabili milli gildistöku dags þessarar tilskipunar og útgáfu tækniforskrifta um rekstrarsamhæfi, þ.m.t. samþykkt tilvísunarkerfisins sem getið er um í 25. gr.

VII.KAFLI

Skrár yfir grunnvirki og járnbrautarvagna

24. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að skrár yfir grunnvirki og járnbrautarvagna séu birtar og uppfærðar ár hvert. Í þessum skráum skal tilgreina helstu einkenni hvers undirkerfis, sem um er að ræða, eða hluta þess (t.d. grunnfæribreytur) og vensl þeirra við einkennin sem mælt er fyrir um í gildandi tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi. Í því skyni skal tilgreina nákvæmlega, í hverri tækniforskrift um rekstrarsamhæfi, hvaða upplýsingar skuli teknar með í skránum um grunnvirki og járnbrautarvagna.

2. Senda skal afrit af þessum skráum til viðkomandi aðildarríkja og sameiginlega fulltrúaráðsins og gera þær aðgengilegar almenningi.

VIII. KAFLI

Bráðabirgðaákvæði

25. gr.

1. Sameiginlega fulltrúaráðið skal taka saman, á grundvelli upplýsinganna, sem aðildarríkin láta í té samkvæmt 5. mgr. 10. gr. og 3. mgr. 16. gr., tækniskjala starfsgreinarinnar og texta viðkomandi milliríkjasamninga, drög að tilvísanakerfi um tæknilegar reglur sem liggja til grundvallar núverandi rekstrarsamhæfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins. Nefndin skal athuga þessi drög og ákveða hvort unnt sé að nota þau sem tilvísunarkerfi þar til tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi verða samþykktar.

2. Þegar framangreint tilvísunarkerfi hefur verið samþykkt skulu aðildarríkin tilkynna nefndinni um það ef þau áforma að samþykkja innlend ákvæði eða ef verkefni, sem víkja frá tilvísunarkerfinu, eru í þróun á yfirráðasvæði þeirra.

IX. KAFLI

Lokaákvæði

26. gr.

Færa skal haldgóð rök fyrir sérhverri ákvörðun sem er tekin á grundvelli þessarar tilskipunar varðandi mat á samræmi eða nothæfi rekstrarsamhæfishluta, athugun á undirkerfum sem eru hlutar af almenna, samevrópska járnbrautakerfinu og hverri ákvörðun sem er tekin skv. 11., 12., 17. og 19. gr. Tilkynna skal hlutaðeigandi aðila um ákvörðunina eins fljótt og unnt er og skal jafnframt kynna honum þau lagaúrræði sem hann getur nýtt sér samkvæmt gildandi lögum í viðkomandi aðildarríki og hvaða frest hann hefur til þess.

27. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 20. apríl 2003, að undanskildum ákvæðum sem eru sérstök fyrir hverja tækniforskrift um rekstrarsamhæfi en þau verða framkvæmd samkvæmt sérstöku fyrirkomulagi fyrir hverja tækniforskrift. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

28. gr.

Á tveggja ára fresti og í fyrsta skipti 20. apríl 2005 gefur framkvæmdastjórnin Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um þær framfarir sem orðið hafa í rekstrarsamhæfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins. Í þeirri skýrslu skal einnig vera greining á þeim tilvikum sem lýst er í 7. gr.

Sameiginlega fulltrúaráðið skal þróa og uppfæra reglulega tæki sem gerir það mögulegt að leggja fram yfirlit yfir rekstrarsamhæfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins að beiðni aðildarríkis eða framkvæmdastjórnarinnar. Í þessu tæki eru notaðar upplýsingar sem eru aðgengilegar í skránum sem kveðið er á um í 24. gr.

29. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þann dag sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

30. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. mars 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. FONTAINE

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

A. LINDH

forseti.

I. VIÐAUKI

ALMENNA, SAMEVRÓPSKA JÁRNBRAUTAKERFIÐ

1. GRUNNVIRKI

Grunnvirki almenna, samevrópska járnbrautakerfisins skal vera grunnvirki samevrópska flutningakerfisins eins og það er skilgreint í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 1692/96/EB frá 23. júlí 1996 um viðmiðunarreglur bandalagsins varðandi þróun samevrópsks flutninganets ⁽¹⁾ eða skráð í einhverri af uppfærslum sömu ákvörðunar í kjölfar endurskoðunar sem kveðið er á um í 21. gr. þeirrar ákvörðunar.

Að því er varðar þessa tilskipun má skipta þessu kerfi í eftirfarandi flokka:

- brautir sem eru ætlaðar fyrir farþegaflutninga;
- brautir sem eru ætlaðar fyrir blandaða umferð (farþegar og farmur);
- brautir sem hafa verið sérstaklega hannaðar eða endurbættar fyrir farmflutninga;
- tengispor í farþegaflutningum;
- tengispor fyrir farmflutninga, þ.m.t. stöðvar fyrir samtengda flutninga;
- brautir sem tengja áður nefnda þætti.

Þetta grunnvirki nær yfir umferðarstjórnar-, brautarspors- og leiðsögukerfi: tæknibúnað fyrir gagnavinnslu og fjarskipti sem er ætlaður fyrir farþegaflutninga á löngum leiðum og farmflutninga til að tryggja öruggan og samstilltan rekstur kerfisins og skilvirka umferðarstjórn.

2. JÁRNBRAUTARVAGNAR

Járnbrautarvagnar eru allir vagnar sem líklegt er að ekið sé eftir almenna, samevrópska járnbrautarkerfinu eða hluta þess, þ.m.t.:

- vélknúnar lestir sem eru knúnar með rafmagni eða kyndara;
- dráttareiningar sem eru knúnar með rafmagni eða kyndara;
- farþegavagnar;
- vöruvagnar, þ.m.t. járnbrautarvagnar sem eru gerðir til að flytja vöruflutningabifreiðar.

Hver þessara flokka skiptist í:

- járnbrautarvagna fyrir millilandaflutninga;
- járnbrautarvagna fyrir innanlandsflutninga;

að teknu tilliti til þess hvort vagnarnir eru notaðir staðbundið, svæðisbundið eða á löngum leiðum.

3. SAMHÆFI ALMENNA, SAMEVRÓPSKA JÁRNBRAUTAKERFISINS

Gæði járnbrautarflutninga í Evrópu eru m.a. háð því að nákvæm samhæfing sé á milli eiginleika grunnvirkisins (í víðasta skilningi, t.d. fastir hlutar allra viðkomandi undirkerfa) og járnbrautarvagnanna (þ.m.t. allir íhlutir allra undirkerfa um borð). Afköst, öryggi, gæði þjónustu og kostnaður er allt háð þessu samhæfi.

⁽¹⁾ Stjóð. EB. L 228, 9.9.1996, bls. 1.

II. VIÐAUKI

UNDIRKERFI

1. SKRÁ YFIR UNDIRKERFI

Í þessari tilskipun er kerfinu, sem myndar almenna, samevrópska járnbrautakerfið, skipt niður í eftirfarandi undirkerfi:

a) svið sem varða mannvirki:

- grunnvirki;
- orka;
- stjórnbúnaður og merkjasendingar;
- rekstur og umferðarstjórn;
- járnbrautarvagnar; eða

b) svið sem varða rekstur:

- viðhald;
- fjarvirknibúnaður fyrir farþega- og farmflutninga.

2. LÝSING Á UNDIRKERFUNUM

Þegar sameiginlega fulltrúaráðið semur drög að tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi setur það fram tillögu að skrá yfir rekstrarsamhæfishluta og -þætti hvers undirkerfis eða hluta þess.

Án þess að fyrirfram sé ákveðið hvaða rekstrarsamhæfisþættir og -hlutar verði valdir, eða í hvaða röð þeir verða felldir undir tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi, skulu undirkerfin einkum vera:

2.1. **Grunnvirki:**

Spor, skiptispor, verkfræðimannvirki (brýr, göng o.s.frv.), tilheyrandi stöðvargrunnvirki (brautarpallar, aðgangssvæði, t.d. með tilliti til aðgangs hreyfihlaðs fólks o.s.frv.) og öryggis- og verndarbúnaður.

2.2. **Orka:**

Rafveitukerfi, loftstrengir og strauminntak.

2.3. **Stjórnþúnaður og merkjasendingar:**

Allur þúnaður sem er nauðsynlegur til að tryggja öryggi og stjórna og hafa eftirlit með leyfilegri umferð lesta í kerfinu.

2.4. **Rekstur og umferðarstjórn:**

Aðferðir og tilheyrandi þúnaður sem gerir samfelldan rekstur mismunandi undirkerfa í formi mannvirkja mögulegan, bæði við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum, einkum akstur lesta, skipulag umferðar og stjórnun.

Fagleg menntun og hæfi sem heimilt er að krefjast vegna flutninga yfir landamæri.

2.5. Fjarvirknibúnaður:

Í samræmi við I. viðauka skiptist þetta undirkerfi í tvo hluta:

- a) búnað fyrir farþegaflutninga, þ.m.t. kerfi sem veita farþegum upplýsingar áður en ferðin hefst og meðan á henni stendur, pöntunar- og greiðslukerfi, umsjón með farangri og stjórn tenginga milli lesta og við aðrar flutningsaðferðir;
- b) búnað fyrir farmflutninga, þ.m.t. upplýsingakerfi (rauntímaeftirlit með farmi og lestum), röðunar- og úthlutunarkerfi, pöntunar-, greiðslu- og innheimtukerfi, stjórn tenginga við aðrar flutningsaðferðir og gerð rafrænna fylgiskjala.

2.6. Járnbrautarvagnar:

Skípulag, stjórn- og eftirlitskerfi fyrir allan lestarbúnað, dráttar- og orkuumbreytingareiningar, hemla-, tengsla-, og akstursbúnaður (hjólasmæður, ásar o.s.frv.) og hengslí, dyr, tengibúnaður milli manns og vélar (ökumaður, áhöfn og farþegar, þ.m.t. þarfir hreyfihamlaðs fólks), óbeinn eða virkur öryggisbúnaður og tilskilinn heilsuverndarbúnaður fyrir farþega og áhöfn.

2.7. Viðhald:

Aðferðir, tilheyrandi tækjabúnaður, verkstæði fyrir viðhaldsvinnu og varahluti sem gera kleift að sinna skyldubundnum viðgerðum og fyrirbyggjandi viðhaldi til að tryggja rekstrarsamhæfi járnbrautarkerfisins og að kerfið virki eins og til er ætlast.

*III. VIÐAUKI***GRUNNKRÖFUR**

1. ALMENNAR KRÖFUR

1.1. Öryggi

- 1.1.1. Hönnun, smíði eða samsetning, viðhald og eftirlit með íhlutum sem varða öryggi, einkum íhlutum sem tengjast hreyfingu lestar, skal vera þannig að tryggt sé öryggi sem samrýmist þeim markmiðum sem sett hafa verið fyrir kerfið, einnig í tilteknum neyðartilvikum.
- 1.1.2. Færibreytur sem varða snertingu hjóla og teina verða að uppfylla þær kröfur um stöðugleika sem eru nauðsynlegar til að tryggja öruggan akstur á leyfilegum hámarks hraða.
- 1.1.3. Íhlutirnir, sem notaðir eru, verða að standast allt tilgreint, eðlilegt og óeðlilegt álag allan þann tíma sem þeir eru í notkun. Nauðsynlegt er að takmarka með viðeigandi ráðstöfunum áhrif bilana á öryggisatriði.
- 1.1.4. Hanna skal föst mannvirki og járnbrautarvagna og velja efni með tilliti til þess að takmarka myndun, útbreiðslu og áhrif elds og reyks í eldsvoða.
- 1.1.5. Hönnun búnaðar, sem notendur eiga að meðhöndla, skal vera með því móti að notkun hans, sem fyrirsjáanlega samrýmist ekki meðfylgjandi leiðbeiningum, stefni ekki heilsu og öryggi notenda í hættu.

1.2. Áreiðanleiki og aðgengi

Eftirlit og viðhald fastra og hreyfanlegra íhluta, sem tengjast akstri lesta, skal skipuleggja og framkvæma með þeim hætti og nógu oft til að íhlutirnir séu starfhæfir við þau skilyrði sem til er ætlast.

1.3. Heilbrigði

- 1.3.1. Óheimilt er að nota, í lestum og járnbrautargrunnvirkjum, efni sem líklegt er, sökum þess hvernig þau eru notuð, að hafi í för með sér hættu fyrir heilsu fólks sem hefur aðgang að þeim.
- 1.3.2. Slík efni skal velja, meðhöndla og nota þannig að losun skaðlegs eða hættulegs reyks eða lofttegunda sé takmörkuð, einkum við eldsvoða.

1.4. Umhverfisvernd

- 1.4.1. Nauðsynlegt er að meta umhverfisáhrif stofnunar og rekstrar almenna, samevrópska járnbrautakerfisins og taka tillit til þeirra við hönnun kerfisins í samræmi við gildandi ákvæði bandalagsins.
- 1.4.2. Efni, sem notuð eru í lestum og grunnvirkjum, skulu vera þannig að ekki verði losun á reyk eða lofttegundum sem eru skaðlegar eða hættulegar umhverfinu, einkum við eldsvoða.
- 1.4.3. Nauðsynlegt er að hanna og smíða járnbrautarvagna og orkuveitukerfi þannig að þau séu samhæfð að því er varðar rafsegulsvið við mannvirki, búnað og opinber kerfi eða einkakerfi sem þau kynnu að trufla.
- 1.4.4. Við rekstur almenna, samevrópska járnbrautakerfisins skal virða gildandi reglur um hljóðmengun.

- 1.4.5. Rekstur almenna, samevrópska járnbrautakerfisins má ekki valda meiri titringi í jörð en svo að viðunandi sé fyrir næsta nágrenni grunnvirkjana og hvers kyns starfsemi sem þar fer fram og er eðlilega við haldið.

1.5. Tæknilegt samhæfi

Tæknilegir eiginleikar grunnvirkja og fastra mannvirkja verða að vera samhæfir innbyrðis og við lestir sem á að nota í almenna, samevrópska járnbrautakerfinu.

Ef erfitt reynist að halda fyrrnefndum eiginleikum á tilteknum hlutum kerfisins, er leyfilegt að nota bráðabirgðalausnir sem tryggja samhæfi í framtíðinni.

2. SÉRSTAKAR KRÖFUR SEM GILDA FYRIR EINSTÖK UNDIRKERFI

2.1. Grunnvirki

2.1.1. Öryggi

Nauðsynlegt er að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir aðgang að mannvirkjum eða að óviðkomandi komist inn í þau.

Gera þarf ráðstafanir sem takmarka hættu fyrir fólk, einkum á stöðvum sem lestir aka framhjá.

Grunnvirki, sem almenningur hefur aðgang að, þarf að hanna og byggja með þeim hætti að hætta fyrir fólk sé takmörkuð (að því er varðar stöðugleika, eld, aðgang, rýmingu, brautarpalla o.s.frv.).

Setja þarf viðeigandi ákvæði þar sem tekið er tillit til sérstakra öryggisaðstæðna í mjög löngum jarðgöngum.

2.2. Orka

2.2.1. Öryggi

Rekstur orkuveitukerfa má hvorki skerða öryggi lesta né fólks (notenda, starfslíðs, þeirra sem búa nálægt járnbrautarsporinu og þriðju aðila).

2.2.2. Umhverfisvernd

Starfsemi raforku- eða varmaorkukerfa má ekki hafa meiri áhrif á umhverfið en tilgreind mörk segja til um.

2.2.3. Tæknilegt samhæfi

Raforku- eða varmaorkukerfi sem eru notuð skulu:

- gera lestum kleift að ná tilgreindum afköstum;
- þegar um er að ræða raforkuveitukerfi, vera samhæfð við strauminntök lestanna.

2.3. Stjórnbúnaður og merkjasendingar

2.3.1. Öryggi

Búnaður og aðferðir við stjórn og merkjasendingar skulu gera lestum kleift að aka með öryggi sem samsvarar markmiðunum sem eru sett fyrir kerfið. Stjórnbúnaður og merkjakerfi skulu áfram tryggja öruggan akstur lesta sem hafa leyfi til að aka þegar neyðarástand skapast.

2.3.2. Tæknilegt samhæfi

Öll ný grunnvirki og járnbrautavagnar, sem eru framleidd eða þróuð eftir að samhæfð stjórn- og merkjakerfi eru samþykkt, skulu sérsniðin að notkun fyrrnefndra kerfa.

Stjórn- og merkjabúnaðinn sem settur er upp inni í klefa lestarstjóra þarf að vera hægt að nota á eðlilegan hátt í öllu almenna, samevrópska járnbrautakerfinu við tilgreindar aðstæður.

2.4. Járnbrautavagnar

2.4.1. Öryggi

Hanna þarf járnbrautavagna og tengingar milli þeirra þannig að farþega- og ökuklefar séu varðir ef lestin lendir í árekstri eða fer út af sporinu.

Rafbúnaður má ekki skerða öryggi eða starfsemi stjórn- og merkjabúnaðar.

Hemlunartækni og álagið sem af henni hlýst þarf að vera samhæft við hönnun spora, verkfræðimannvirki og merkjakerfa.

Gera þarf ráðstafanir til að koma í veg fyrir aðgang að hlutum sem rafspenna er á til að öryggi fólks sé ekki stefnt í voða.

Fyrir hendi þarf að vera búnaður sem gerir farþegum kleift að vekja athygli lestarstjóra á hættu og öðrum starfsmönnum að komast í samband við hann.

Á ytri dyrum skal vera lokunarbúnaður sem tryggir öryggi farþega.

Neyðarútgangar þurfa að vera fyrir hendi og skulu þeir merktir.

Setja þarf viðeigandi ákvæði þar sem tekið er tillit til sérstakra öryggisaðstæðna í mjög löngum jarðgöngum.

Skylt er að hafa nægilega öfluga og endingargóða neyðarlýsingu í lestum.

Í lestum skal vera kallkerfi sem gerir starfslíði í lestinni og í stjórnstöðvum utan hennar kleift að tala til farþega.

2.4.2. Áreiðanleiki og aðgengi

Hönnun nauðsynlegasta hjóla-, dráttar-, hemlunar- og stjórnbúnaðar þarf að vera með þeim hætti að lestin geti ekið áfram þegar neyðarástand skapast án þess að það komi niður á þeim búnaði sem enn er virkur.

2.4.3. Tæknilegt samhæfi

Rafbúnaðurinn þarf að vera samhæfður við starfsemi stjórn- og merkjabúnaðar.

Þegar um er að ræða rafknúnar lestir skulu eiginleikar strauminntaka vera þannig að hægt sé að knýja lestirnar með þeim orkuveitukerfum sem notuð eru í almenna, samevrópska járnbrautakerfinu.

Eiginleikar járnbrautarvagna þurfa að vera þannig að þeir geti ekið eftir öllum brautum sem þeir eiga að aka eftir.

2.5. Viðhald

2.5.1. Heilbrigði og öryggi

Tæknibúnaður og aðferðir, sem notaðar eru á viðhaldsverkstæðum, skulu tryggja öruggan rekstur undirkerfa og mega ekki skapa hættu fyrir heilbrigði og öryggi manna.

2.5.2. Umhverfisvernd

Tæknibúnaður og aðferðir sem notaðar eru á viðhaldsverkstæðum mega ekki valda meira ónæði í umhverfinu en leyfileg mörk segja til um.

2.5.3. Tæknilegt samhæfi

Viðhaldsbúnaður fyrir almenna járnbrautarvagna þarf að vera með þeim hætti að hægt sé að sinna málum er varða öryggi, heilbrigði og þægindi í öllum vögnum sem hafa verið hannaðir fyrir slíkt.

2.6. Rekstur og stjórn umferðar

2.6.1. Öryggi

Samræming rekstrarreglna kerfisins og menntun og hæfi lestarstjóra, annarra starfsmanna í lestunum og starfsmanna á eftirlitsstöðvum þarf að vera með þeim hætti að það tryggi öruggan rekstur, að teknu tilliti til mismunandi krafna varðandi flutninga yfir og innan landamæra.

Viðhaldsaðgerðir og tíðni þeirra, þjálfun, menntun og hæfi viðhaldsmanna og starfsmanna eftirlitsstöðva og gæðatryggingarkerfið, sem er sett upp af viðkomandi stjórnendum í eftirlits- og viðhaldsstöðvum, skulu vera með þeim hætti að öryggi sé vel tryggt.

2.6.2. Áreiðanleiki og aðgengi

Viðhaldsaðgerðir og viðhaldstímabil, þjálfun, menntun og hæfi viðhaldsmanna og starfsmanna eftirlitsstöðva og gæðatryggingarkerfið, sem er sett upp af viðkomandi stjórnendum í eftirlits- og viðhaldsstöðvum, skulu vera með þeim hætti að það tryggi vel að kerfið sé jafnan öruggt og tiltækt.

2.6.3. Tæknilegt samhæfi

Samræming rekstrarreglna kerfisins og menntun og hæfi lestarstjóra, annarra starfsmanna í lestunum og í umferðarstjórn skal vera með þeim hætti að það tryggi skilvirkan rekstur almenna, samevrópska járnbrautakerfisins, að teknu tilliti til mismunandi krafna varðandi flutninga yfir og innan landamæra.

2.7. Fjarvirknibúnaður fyrir farþega- og farmflutninga

2.7.1. Tæknilegt samhæfi

Grunnkröfur vegna fjarvirknibúnaðar, sem eiga að tryggja lágmarksþjónustu fyrir farþega og farmflytjendur, verða einkum tæknilegt samhæfi.

Gera verður ráðstafanir til að tryggja:

- að þróaðir séu gagnagrunnar, hugbúnaður og gagnasamskiptareglur á þann hátt að unnt sé að senda sem mest af gögnum milli mismunandi búnaðar og rekstraraðila, að undanskildum gögnum um viðskipti sem eru trúnaðarmál;
- að notendur eigi sem auðveldastan aðgang að upplýsingum.

2.7.2. Áreiðanleiki og aðgengi

Notkunaraðferðir, stjórn, uppfærsla og viðhald þessara gagnagrunna, hugbúnaðar og gagnasamskiptareglna skulu tryggja skilvirkni þessara kerfa og gæði þjónustunnar.

2.7.3. Heilbrigði

Skilfletir milli þessara kerfa og notenda verða að samrýmast lágmarksreglum um vinnuvistfræði og heilsuvernd.

2.7.4. Öryggi

Tryggja verður heilleika og áreiðanleika svo að unnt sé að geyma sendingar með upplýsingum sem tengjast öryggi.

—

IV. VIÐAUKI

SAMRÆMI OG NOTHÆFI REKSTRARSAMHÆFISHLUTA

1. REKSTRARSAMHÆFISHLUTAR

EB-yfirlýsingin gildir um þá rekstrarsamhæfisluta sem við koma rekstrarsamhæfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins, eins og um getur í 3. gr. Þessir rekstrarsamhæfislutar geta verið:

1.1. **Fjölnýtir hlutar**

Hér er um að ræða hluta sem ekki eru sérstaklega ætlaðir til nota í járnbrautakerfum og sem nota má á öðrum sviðum eins og þeir koma fyrir.

1.2. **Fjölnýtir hlutar með sérstaka eiginleika**

Hér er um að ræða fjölnýta hluta sem eru ekki sérstaklega ætlaðir til nota í járnbrautakerfum sem slíkir en sem þurfa að ná tilteknum skilum þegar þeir eru notaðir í tengslum við járnbrautir.

1.3. **Sérstakir hlutar**

Hér er um að ræða hluta sem eru sérstaklega ætlaðir til nota í járnbrautum.

2. GILDISSVIÐ

EB-yfirlýsingin nær til:

- mats eins eða fleiri tilkynnta aðila á samræmi rekstrarsamhæfisluta við tækniforskriftir, sem um hann gilda, þegar hann er skoðaður einn og sér,
- eða mats/dóms eins eða fleiri tilkynnta aðila á nothæfi rekstrarsamhæfisluta þegar hann er skoðaður sem hluti járnbrautakerfis, einkum þegar um er að ræða skilfleti; við matið/dóminn skal tekið tillit til þeirra tækniforskrifta sem athuga þarf, einkum þeirra sem lúta að notkun.

Matsaðferð, sem tilkynntu aðilarnir beita á hönnunar- og framleiðslustigum, byggist á aðferðareiningunum sem skilgreindar eru í ákvörðun 93/465/EBE, í samræmi við skilyrðin sem um getur í tækniforskriftunum um rekstrarsamhæfi.

3. EFNI EB-SAMRÆMISYFIRLÝSINGAR

EB-yfirlýsingin um samræmi eða nothæfi og fylgiskjöl með henni skulu vera dagsett og undirrituð.

Yfirlýsingin skal samin á sama tungumáli og leiðbeiningarnar og í henni þarf eftirfarandi að koma fram:

- tilvísanir í tilskipunina;
- nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans sem hefur staðfestu innan bandalagsins (gefa skal upp viðskiptaheiti og fullt heimilisfang en ef um viðurkenndan fulltrúa er að ræða skal einnig gefa upp viðskiptaheiti framleiðanda eða þess sem annast smíðina);
- lýsing á rekstrarsamhæfislutanum (tegund, gerð o.s.frv.);

-
- lýsing á aðferðinni sem notuð er til að lýsa yfir samræmi eða nothæfi (13. gr.);
 - allar lýsingar sem eiga við rekstrarsamhæfishlutann, einkum notkunarskilyrðin;
 - nafn og heimilisfang tilkynnta aðilans eða aðilanna sem koma að málsmeðferðinni sem beitt er við ákvörðun samræmis eða nothæfis og dagsetning prófunarvottorðsins, ásamt gildistíma vottorðsins og skilyrðum fyrir gildi þess, ef við á;
 - ef við á, tilvísun í Evrópuforskriftir;
 - deili á aðilanum sem fengið hefur umboð til undirritunar fyrir hönd framleiðandans eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu.
-

V. VIÐAUKI

SANNPRÓFUNARYFIRLÝSING FYRIR UNDIRKERFI

EB-sannprófunaryfirlýsing og fylgiskjöl hennar þurfa að vera dagsett og undirrituð.

Yfirlýsingin skal samin á sama tungumáli og tækniskjölin og í henni þarf eftirfarandi að koma fram:

- tilvísanir í tilskipunina;
- nafn og heimilisfang sammingsaðila eða viðurkennds fulltrúa hans sem hefur staðfestu innan bandalagsins (gefa skal upp viðskiptaheiti og fullt heimilisfang en ef um viðurkenndan fulltrúa er að ræða skal einnig gefa upp viðskiptaheiti sammingsaðila);
- stutt lýsing á undirkerfinu;
- nafn og heimilisfang tilkynnta aðilans sem hafði með höndum EB-sannprófunina sem um getur í 18. gr.;
- tilvísanir til einstakra tækniskjala;
- öll bráðabirgðaákvæði og endanleg ákvæði sem undirkerfi þurfa að samrýmast, einkum, ef við á, takmarkanir á rekstri eða skilyrði fyrir honum;
- gildistími EB-yfirlýsingarinnar, sé hún tímabundin;
- deili á undirritunaraðilanum.

VI. VIÐAUKI

SANNPRÓFUNARÁÐFERÐ FYRIR UNDIRKERFI

1. INNGANGUR

EB-sannprófun er aðferðin sem tilkynntur aðili notar við að athuga og staðfesta, að beiðni samningsaðila eða viðurkennds fulltrúa hans, sem hefur staðfestu innan bandalagsins, að undirkerfi sé:

- í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar;
- í samræmi við aðrar reglur sem leiða af sáttmálanum og að heimilt sé að taka það í notkun.

2. STIG

Skoðun fer fram á eftirtöldum stigum:

- heildarhönnun;
- smíði undirkerfisins, einkum mannvirkjagerð, samsetning hluta og heildarstilling undirkerfisins;
- lokaprófun undirkerfisins.

3. SKÍRTEINI

Tilkynnti aðilinn, sem ber ábyrgð á EB-sannprófun, semur samræmisvottorðið og sendir það samningsaðila eða viðurkenndum fulltrúa hans, sem hefur staðfestu innan bandalagsins, sem aftur semur EB-sannprófunaryfirlýsingu og sendir hana eftirlitsyfirvaldi í aðildarríkinu þar sem undirkerfið er staðsett og/eða rekið.

4. TÆKNISKJÖL

Í tækniskjölum, sem fylgja sannprófunaryfirlýsingunni, skal vera eftirfarandi:

- ef um er að ræða grunnvirki: verkfræðiteikningar, gögn um samþykktir fyrir greftri og járnbandingu, skýrslur um prófun og könnun á steinsteypu;
- ef um ræðir önnur undirkerfi: almennar og nákvæmar teikningar sem svara til framkvæmdanna, teikningar af rafmagns- og vökvakerfum, teikningar stýrirása, lýsingar á tölvukerfum og sjálfvirkum kerfum, rekstrar- og viðhaldshandbækur o.s.frv.;
- skrá yfir rekstrarsamhæfisluta sem um getur í 3. gr. og eru hluti af undirkerfinu;
- afrit af EB-yfirlýsingunum um samræmi og nothæfi sem þurfa að fylgja fyrrnefndum hlutum í samræmi við 13. gr. tilskipunarinnar, auk, ef við á, samsvarandi útreikninga og afrita af skýrslum um prófanir og rannsóknir sem tilkynntu aðilarnir hafa gert á grundvelli sameiginlegu tækniforskriftanna;
- vottorð frá tilkynnta aðilanum, sem ber ábyrgð á EB-sannprófun, undirritað af honum sjálfum, ásamt samsvarandi útreikningum, þar sem fram kemur að verkefnið sé í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar og settir fram fyrirvarar sem gerðir voru meðan á framkvæmdum stóð og sem ekki hafa verið felldir úr gildi; einnig skulu fylgja vottorðinu eftirlits- og úttektarskýrslur sem sami aðili hefur gert í tengslum við verkefni sitt, eins og fram kemur í liðum 5.3 og 5.4.

5. EFTIRLIT

- 5.1. Markmið EB-eftirlits er að tryggja að við framleiðslu undirkerfisins sé staðið við allar skuldbindingar samkvæmt tækniskjölum.

- 5.2. Tilkynti aðilinn sem hefur með höndum eftirlit með framleiðslunni skal jafnan hafa aðgang að byggingarsvæðum, framleiðsluverkstæðum, geymslusvæðum og, ef við á, stöðum þar sem smíðaðar eru staðlaðar einingar og prófunarstöðum og almennt að öllum þeim stöðum sem hann telur sig þurfa að hafa aðgang að til að vinna verk sitt. Samningsaðilinn eða viðurkenndur fulltrúi hans innan bandalagsins skal senda tilkynta aðilanum eða láta senda honum öll skjöl sem hann þarf til þess, einkum framkvæmdaáætlanir og tæknileg gögn um undirkerfið.
- 5.3. Til að staðfesta að farið sé að ákvæðum tilskipunarinnar skal tilkynti aðilinn sem fylgist með framkvæmdinni gera úttekt reglubundið. Hann gefur framkvæmdaraðilunum skýrslu um úttektina. Hann getur krafist þess að fá að vera viðstaddur tilteknar framkvæmdir við bygginguna.
- 5.4. Að auki er tilkynta aðilanum heimilt að koma fyrirvaralaust í vitjun á byggingarstað eða á framleiðsluverkstæði. Í slíkum vitjunum er tilkynta aðilanum heimilt að gera heildarúttekt eða hlutaúttekt. Hann skal afhenda framkvæmdaraðilunum skoðunarskýrslu og, ef við á, úttektarskýrslu.

6. AFHENDING

Koma skal tækniskjölunum, sem um getur í 4. mgr., í vörslu samningsaðilans eða viðurkennds fulltrúa hans, sem hefur staðfestu innan bandalagsins, til stuðnings samræmisvottorðinu sem gefið er út af tilkynta aðilanum sem ber ábyrgð á sannprófun á undirkerfinu við notkun. Tækniskjölín skulu fylgja með EB-sannprófunaryfirlýsingunni sem samningsaðilinn sendir eftirlitsyfirlýsingu í hlutaðeigandi aðildarríki.

Samningsaðilinn skal geyma afrit af skjölunum svo lengi sem undirkerfið er í notkun. Hann skal senda það til annarra aðildarríkja, sé þess óskað.

7. BIRTING

Hver tilkyntur aðili skal birta reglulega þær upplýsingar sem við eiga um eftirfarandi:

- beiðnir sem hann hefur fengið um EB-sannprófun;
- útgefín samræmisvottorð;
- synjanir um samræmisvottorð.

8. TUNGUMÁL

Skjöl og bréf varðandi aðferðina, sem er notuð við EB-sannprófun, skal rita á opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem samningsaðilinn eða viðurkenndur fulltrúi hans innan bandalagsins hefur staðfestu eða á tungumáli sem aðilinn viðurkennir.

VII. VIÐAUKI

**LÁGMARKSVIÐMIÐANIR SEM AÐILDARRÍKJUNUM BER AÐ TAKA TILLIT TIL ÞEGAR ÞAU TILNEFNA
TILKYNNTA AÐILA**

1. Aðilinn, forstöðumaður og starfsmenn sem annast skoðanir mega ekki hafa afskipti, hvorki beint né sem viðurkenndir fulltrúar, af hönnun, framleiðslu, smíði, markaðssetningu eða viðhaldi rekstrarsamhæfislutanna eða undirkerfanna, né heldur af rekstri þeirra. Þetta útilokar þó ekki að framleiðandinn eða sá sem annast smíðina og samþykkti aðilinn geti skipst á tæknilegum upplýsingum.
2. Skoðunaraðilinn og starfsmenn hans, sem annast skoðun, skulu gæta þess að hún sé í hvívetna unnin af tæknilegri færni og faglegrri ráðvendni og vera óháðir öllum áhrifum og þrýstingi, einkum af efnahagslegum toga, sem gæti haft áhrif á mat þeirra eða niðurstöður skoðunar, sérstaklega frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem niðurstöður athugana hafa áhrif á.
3. Aðilinn skal ráða til sín starfslíð og hafa aðstöðu til að vinna á fullnægjandi hátt þau tæknilegu verkefni og stjórnunarverkefni sem tengjast framkvæmd athugananna; hann skal einnig hafa til umræða nauðsynlegan búnað fyrir athuganir sem heyra til undantekninga.
4. Starfsmenn þeir sem annast athuganir verða að hafa til að bera:
 - góða tækni- og starfsmenntun;
 - viðunandi þekkingu á kröfum þeim sem gerðar eru við athuganir sem þeir framkvæma og nægilega reynslu af slíkum athugunum;
 - kunnáttu í að útbúa vottorð, skrár og skýrslur þar sem koma fram niðurstöður sem fengust við skoðunina.
5. Tryggja verður óhlutdrægni þeirra sem sjá um athuganir. Þóknun þeirra má hvorki vera undir því komin hversu margar athuganir þeir framkvæma né heldur hvaða niðurstöður fást úr þeim.
6. Tilkyntti aðilinn verður að hafa ábyrgðartryggingu nema ríkið taki á sig ábyrgð í samræmi við landslög eða aðildarríkið sjái beint um athuganirnar.
7. Starfsmenn tilkyntta aðilans eru bundnir þagnarskyldu um alla vitneskju sem þeir fá við skyldustörf sín (nema gagnvart lögbærum stjórnvöldum í ríkinu þar sem þeir sinna þessari starfsemi) í samræmi við þessa tilskipun eða ákvæði landslaga sem eru sett henni til framkvæmdar.

VIII. VIÐAUKI

ALMENNAR REGLUR SEM SAMEIGINLEGA FULLTRÚARÁÐIÐ ÞARF AÐ FARA EFTIR

1. Í samræmi við almennar stöðlunaraðferðir í bandalaginu skal sameiginlega fulltrúaráðið starfa á opinn og gagnsæjan hátt á grundvelli almenns samkomulags og óháð öllum sérhagsmunum. Til þess að svo megi verða skulu allir aðilar að flokkunum þremur sem sameiginlega fulltrúaráðið er fulltrúi fyrir, stjórnendur gunnvirkja, járnbrautarfyrirtæki og atvinnugreinin, hafa tækifæri til að láta í ljós skoðun sína á meðan unnið er að drögum að tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi, í samræmi við málsmeðferðarreglur sameiginlega fulltrúaráðsins og áður en sameiginlega fulltrúaráðið hefur lokið vinnu sinni við samningu tækniforskrifta um rekstrarsamhæfi.
2. Ef sameiginlega fulltrúaráðið skortir sérfræðiþekkingu til að semja drög að tiltekinni tækniforskrift um rekstrarsamhæfi skal það tilkynna framkvæmdastjórninni um það þegar í stað.
3. Sameiginlega fulltrúaráðið skal koma á fót vinnuhópum eftir þörfum til að semja drög að tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi; samsetning þessara vinnuhópa skal vera þannig að þeir séu skilvirkir og sveigjanlegir. Þess vegna skal fjöldi sérfræðinga vera takmarkaður. Við val fulltrúa skal gæta jafnvægis milli stjórnenda grunnvirkja og járnbrautarfyrirtækja annars vegar og atvinnugreinarinnar hins vegar; halda skal eðlilegu jafnvægi milli hinna ýmsu þjóðerna. Sérfræðingar frá löndum utan bandalagsins mega eiga sæti í vinnuhópum sem áheyrnarfulltrúar.
4. Tilkynna verður framkvæmdastjórninni án tafar um alla erfiðleika sem koma upp í tengslum við þessa tilskipun og sem vinnuhópar sameiginlega fulltrúaráðsins geta ekki leyst.
5. Afhenda skal framkvæmdastjórninni og nefndinni, sem um getur í 21. gr., öll vinnuskjöl sem eru nauðsynleg til að fylgjast með starfi sameiginlega fulltrúaráðsins.
6. Sameiginlega fulltrúaráðið skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að farið sé með allar mikilvægar upplýsingar, sem það fær vitneskju um í tengslum við störf sín, sem trúnaðarmál.
7. Sameiginlega fulltrúaráðið skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að láta alla félagsmenn sína og alla sérfræðinga, sem vinna í vinnuhópunum, vita um niðurstöður af vinnu nefndarinnar sem um getur í 21. gr. og um tilmæli nefndarinnar og framkvæmdastjórnarinnar.